



MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Efni: *Varðandi tillögu um að börn innflytjenda sem stunda nám í stoðeild Álftamýrarskóla flytjist ekki út í almennan bekk fyrr en þau eru tilbúin til þess að mati skóla og foreldra*

Á 214. fundi skóla- og frístundaráðs, 24. ágúst 2021, lagði skóla- og frístundaráðsfulltrúi Flokks fólksins fram svohljóðandi tillögu:

Upp á síðkastið hefur afgreiðsla mála þeirra sem sækja um hæli orðið hraðari sem er af hinu góða. Dvöl barns í stoðeildinni hefur samhliða styst því þegar foreldrar þeirra fá hæli þá flytjast þau út í almennan hverfis-skóla án tillits til hvort þau eru tilbúin til þess eða ekki. Dæmi eru um að barn sem er ekki tilbúið er flutt út í almennan bekk þar sem einstaklingsþjónusta er minni en veitt er í stoðeildinni. Barnið er jafnvel ekki farið að tala mikla íslensku. Fulltrúi Flokks fólksins studdi tilkomu stoðeildarinnar og hefur reynt að fylgjast með hvernig gengur s.s. í samskiptum barnanna sem eru af ólíkum menningarheimum. Stoðeildin er skammtímaúrræði og eiga börnin að fara út í almennan bekk þegar þau eru tilbúin að mati fulltrúa Flokks fólksins, hvorki fyrr né seinna. Flutningur út í hverfis-skólann á að vera á þeirra forsendum en ekki kerfisins. Ef aðkoma ráðuneytis getur liðkað til í þessum málum s.s. með aðstoð frá íslenskuverum þarf það að ræðast strax svo hægt sé að koma á móts við þarfir allra barna með fullnægjandi hætti.

Umsögn skóla- og frístundasviðs:

Stoðeild Birtu við Álftamýrarskóla er skólaúrræði fyrir börn í 3. – 10. bekk sem eru í umsóknarferli fyrir alþjóðlega vernd á Íslandi og hefur deildin verið starfrækt frá ágúst 2019. Samkvæmt starfsreglum stoðeildarinnar eru börn að hámarki eitt skólaár í stoðeild Birtu og er skýrt verklag um yfirfærslu yfir í almennan bekk grunnskóla og/eða framhaldskóla þegar það á við. Stoðeildin Birta getur tekið við allt að 24 börnum hverju sinni og er því gert ráð fyrir að börn séu útskrifuð úr Birtu samkvæmt verklagsreglum svo unnt sé að taka við nýjum börnum.

Rekstur stoðeildar Birtu byggir á fjármagni sem kemur frá ríkinu, en árið 2017 var gerður samningur milli Útlendingastofnunar og Reykjavíkurborgar um þjónustu við umsækjendur um alþjóðlega vernd þar sem Útlendingastofnun greiðir daggjald til þjónustuaðila fyrir hvert barn í þjónustu á meðan umsókn þeirra er í ferli. Stoðeild Birtu er þar af leiðandi að stórum hluta til fjármögnuð af fjármagni sem kemur vegna þess. Um leið og barn fær annað hvort stöðu flóttafólks eða er vísað úr landi falla niður allar greiðslur. Skóla- og frístundasvið hefur undanfarið ár bent á þá viðkvæmu stöðu sem börn með rofna skólagöngu standa frammi fyrir og mikilvægi þess að þau fái viðeigandi stuðning inn í skóla- og frístundastarfi til að eiga möguleika til jöfnunar. Sú þjónusta sem stoðeild Birta getur boðið nemendum sem eru með mjög rofna skólagöngu er ekki með sama móti í almennum skólum. Þar tekur við stærri bekkir



og mun minni stuðningur til að unnt sé að mæta börnum með rofna skólagöngu. Það sem af er skólaárinu 2022 hafa 41 barn innritast inn í stoðdeild Birtu en starfsemin gerði ekki ráð fyrir meira en 24 nemendum hverju sinni vegna húsnæðisins og starfsmannafjölda.

Haustið 2021 voru tvo íslenskuver stofnuð, annars vegar í Austurbæjarskóla sem þjónustar nemendum í grunnskólum í Vesturbæ, Miðborg og Hlíðum og hins vegar í Vogaskóla sem þjónustar nemendur í grunnskólum í Laugardal og Háaleiti. Íslenskuver í Breiðholtsskóla í Suðurhverfi og Ingunnarskóla í Austurhverfi tóku til starfa í ágúst 2022 þar sem þau þjóna grunnskólum í þeim tveimur hverfum. Íslenskuver eru tímabundin þjónusta fyrir nemendur í 5. – 10. bekk sem eru að flytja ný til landsins og þurfa stuðning til að ná grunni í íslensku og íslenskum skólaorðaforða. Nemendur eru skráðir í heimaskóla sinn og foreldrum kynnt úrræði íslenskuversins og þeim boðið að sækja um fyrir börn sín. Kennsla í íslenskuver getur varað frá þremur að níu mánuðum að hámarki. Hver nemandi fær einstaklingsmiðaða námskrá þar sem hann tekur bæði þátt í íslenskuveri sem og í staðnámi með bekkjafélögum í sínum heimaskóla.

Í þjónustusamningi um móttöku, aðstoð og þjónustu við hóp flóttafólks sem undirritaður var þann 4. febrúar 2021 af borgarstjóra og félags- og barnamálaráðherra um samræmda móttöku flóttafólks var málefni og kostnaður sveitarfélaga vegna skóla- og frístundamála ekki tilgreindur. Í febrúar 2022 sendu fulltrúar þeirra fimm sveitarfélaga sem koma að samræmdri móttöku ályktun til Félagsmálaráðuneytis, Barna- og menntamálaráðuneytis og Sambands íslenskra sveitarfélaga þar sem bent er á mikilvægi þess að fjárhagslegur stuðningur í námi og frístundum barna er tilgreindur. Í október 2022 samþykkti mennta- og barnamálaráðuneytið að veita styrk að upphæð 125.000 kr. fyrir börn á leikskólaaldri og 200.000 kr. fyrir börn á grunnskólaaldri til að styðja við börn á flóttu.

Það er mat skóla- og frístundasviðs að verkefni tengd skólagöngu og frístundastarfi barna flóttafólks og kvótaflóttafólks sé vanfjármögðuð í samningum milli Reykjavíkurborgar og ríkisins og brýnt að samningarnir séu teknir til endurskoðunar.